

Tillaga	A 2040/UVN
Flytjandi	Norræn vinstri græn
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

A 2040/UVN Þingmannatillaga um efnahagslegan ójöfnuð og skiptingu efnahagslegs valds á Norðurlöndum

Norræn vinstri græn leggja til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að gera úttekt á efnahagslegum ójöfnuði, eignaskiptingu og skiptingu efnahagslegs valds á Norðurlöndum
- að úttektin feli í sér yfirferð yfir það sem norrænu löndin hafa gert til að jafna skiptingu eigna og efnahagslegs valds
- að úttektin feli einnig í sér greiningu á því hvaða aðilar eiga norrænar náttúruauðlindir og hvernig efnahagslegum ávinningi af auðlindunum er skipt
- að úttektin skýri stöðuna í hverju landi fyrir sig þannig að hún gefi færi á að bera saman stöðuna og lausnir í norrænu löndunum

Bakgrunnur

Norðurlöndin hafa lengi verið talin alþjóðlegar fyrirmyndir hvað varðar jöfnuð, velferð og félagslega samheldni. Á síðustu árum hafa þó nokkrar rannsóknir sýnt að efnahagslegur ójöfnuður eykst á öllum Norðurlöndum. Munur á tekjum, eignum og lífskjörum eykst, sérstaklega milli ólíkra svæða, kynslóða og þjóðfélags hópa. Á sama tíma hefur eignasambjöppun aukist: sífellt stærri hluti heildareigna í einkaeigu er í eigu tiltölulega lítils hluta þjóðarinnar.

Þróunin snýst ekki aðeins um skiptingu tekna og eigna heldur einnig um það hvernig efnahagslegu valdi er skipt í samfélaginu. Til dæmis hvað varðar áhrif á fjárfestingar, fjármagnsflæði, eignarhaldsform og tengsl á vinnumarkaði. Ef efnahagslegt vald safnast á hendur fárra aðila er hættu á að það hafi áhrif bæði á lýðræðisferlið og möguleika á jöfnum lífskjörum. Slík þróun getur með tímanum grafið undan grundvallarreglum norræna líkansins um þátttöku, samstöðu og félagslegan hreyfanleika.

Vaxandi efnahagslegur ójöfnuður hefur margvísleg og djúpstæð áhrif á samfélagið. Þegar munur á tekjum, eignum og lífsmöguleikum eykst er einnig hættu á að gæði og



jafnræði innan mikilvægra velferðarsviða eins og heilbrigðisþjónustu og menntunar versni, sem getur til lengri tíma litið hamlað hagvexti. Á sama tíma veðrast félagslegt traust þegar fólk upplifir að samfélagið sé ekki réttlátt eða að tækifærum sé ójafnt skipt, nokkuð sem aftur getur leitt til aukinnar skautunar og glæpa.

Fái ójöfnuður að vaxa of mikið getur hann einnig raskað pólitísku jafnvægi: ákveðnir hópar geta fengið óhófleg áhrif á stjórnámál á meðan aðrir missa traust á lýðræðisferlinu. Til lengri tíma litið er stöðugleika lýðræðisins sjálfs ógnað.

Í ljósi þessa er vaxandi þörf á að skilja þau djúpstæðu kerfi sem knýja þessa breytingu áfram. Sameiginleg norræn úttekt á efnahagslegum ójöfnuði, eignaskiptingu og skiptingu efnahagslegs valds myndi veita heildarsýn á þróunina á svæðinu. Með því að safna saman og bera saman gögn, rannsóknir og stefnugreiningar er hægt að greina sameiginlega þróun, orsakir og afleiðingar, auk þess að meta hvaða stjórnámalatæki geta á áhrifaríkastan hátt stuðlað að jöfnuði og inngildingu.

Slík úttekt gæti einnig varpað ljósi á tengslin milli efnahagslegs valds og annarra samfélagssviða, svo sem jafnréttis, sambættingar, loftslagsstefnu og atvinnulífsþróunar, og þannig stuðlað að heildstæðari skilningi á því hvernig hægt er að styrkja norræna velferðarlíkanið á tímum alþjóðlegra breytinga.

Úttektin ætti einnig að fjalla um eignarhald á náttúruauðlindum á Norðurlöndum og hvernig náttúruauðlindir í einkaeigu hafa áhrif á skiptingu efnahagslegs valds. Með því að skoða ólík norræn líkön um eignarhald og regluverk fyrir nýtingu náttúruauðlinda eins og fiskveiða, jarðefna, lands og skóga getur úttektin leitt í ljós hvaða líkön safna efnahagslegu valdi á hendur lítils hluta þjóðarinnar og hvaða líkön skila mestum ávinningi til heimamanna.

Norræna ráðherranefndin ætti að hefja og samræma greiningu á efnahagslegum ójöfnuði, eignaskiptingu og skiptingu efnahagslegs valds á Norðurlöndum. Með sameiginlegri nálgun geta Norðurlönd staðið sterkari í starfi sínu við að varðveita og endurnýja þann jöfnuð, þátttöku og traust sem eru kjarninn í norræna samfélagslíkaninu.

Hróarskeldu, 23. febrúar 2026

Hege Bae Nyholt (R)
Lotta Johnsson Fornarve (V)
Mariane Paviasen (IA)
Mirell Høyer-Berntsen (SV)

Søren Søndergaard (Ø)
Trine Pertou Mach (Ø)
Veronika Honkasalo (Vf)